gaman.is

Tengja Shopify-verslun við Gaman.is

Leiðbeiningar skref fyrir skref. Tengingin tekur um tíu mínútur og er aðeins gerð einu sinni. Eftir það koma vörur, verð og lager sjálfkrafa inn á Gaman.is, og pantanir af Gaman.is birtast í Shopify eins og aðrar pantanir.

Þú þarft:

- Aðgang eiganda að Shopify-versluninni.
- Aðgang að versluninni þinni á Gaman.is.
- Að verslunin noti íslenskar krónur (ISK).

Leiðbeiningarnar skiptast í tvo hluta: fyrst býrðu til lítið app í Shopify (skref 1–6), síðan klárarðu tenginguna á Gaman.is (skref 7–10).


Gaman.is · sala@gaman.is · Október 2026

HLUTI 1 · Í SHOPIFY

DEV.SHOPIFY.COM/DASHBOARD

1 Opnaðu Dev Dashboard

1. Farðu á **dev.shopify.com/dashboard** og skráðu þig inn með sama aðgangi og þú notar í Shopify-versluninni.
2. Neðst til vinstri sést nafn fyrirtækisins. Það á að vera verslunin þín.
3. Á forsíðunni (**Home**) smellirðu á **+** við **Create an app**.




CREATE AN APP

2 Fylltu út í appið

1. **App name:** skrifaðu `Gaman.is`. Nafnið birtist sem „Channel“ á hverri Gaman-pöntun í Shopify.
2. **App URL:** skrifaðu `https://gaman.is/shopify/uppsett`
3. Hafðu **Embed app in Shopify admin** óhakað og skildu **Allowed redirection URL(s)** eftir tómt.
4. Í reitinn **Scopes** límirðu þessa línu (afritunarhnappur er líka á Gaman.is):

```
read_products,write_inventory,read_locations,write_orders,write_merchant_managed_fulfillment_orders,write_customers
```


5. Annað lætur þú vera eins og það er.



CREATE APP → RELEASE

3 Búðu appið til


1. Smelltu á **Create app** efst til hægri.
2. Shopify spyr hvort gefa eigi út útgáfuna. Smelltu á **Release**. Lýsingin má vera tóm.




OVERVIEW → INSTALL APP

4 Settu appið upp á versluninni

1. Veldu **Overview** í valmyndinni til vinstri og smelltu á **Install app**.
2. Veldu verslunina þína. Skrifaðu hjá þér slóðina sem stendur undir nafninu og endar á `.myshopify.com`. Hana þarftu á Gaman.is í skrefi 7.






INSTALL APP

5 Samþykktu aðganginn

Shopify sýnir hvaða aðgang appið fær. Smelltu á **Install**. Þá opnast síða á Gaman.is sem segir að appið sé uppsett. Farðu síðan aftur í flipann með Shopify.



Gulur kassi: „This app hasn't been reviewed“

Kassinn birtist alltaf þegar verslun býr til sitt eigið app og þýðir ekki að neitt sé að. Shopify yfirfer aðeins öpp sem eru gefin út í Shopify App Store. Þetta app bjóst þú til sjálf(ur), í þinni eigin verslun, og lyklarnir að því eru aðeins hjá þér.


Hvað fær Gaman.is aðgang að?

- **Vörum, lager og flokkum,** til að sækja vörurnar og halda lagerstöðu réttri.
- **Pöntunum,** því þegar vara selst á Gaman.is stofnast pöntun í Shopify og lagerinn lækkar.
- **Upplýsingum um kaupandann,** svo nafn, sími og heimilisfang fylgi pöntuninni.
- **Lagerstöðum,** svo þú getir valið frá hvaða lager er selt.

OVERVIEW → CREDENTIALS

6 Afritaðu lyklana tvo

Á **Overview**-síðu appsins, undir **Credentials**, eru **Client ID** og **Client secret**. Afritaðu þá með afritunarhnöppunum.




> Client secret er eins og lykilorð. Límdu hann aðeins inn á Gaman.is og sendu hann aldrei í tölvupósti.

HLUTI 2 · Á GAMAN.IS

STILLINGAR → TENGING → SHOPIFY

7 Tengdu verslunina


1. Opnaðu verslunina þína á Gaman.is og farðu í **Stillingar** → **Tenging**. Veldu **Shopify**.
2. **Shopify-slóð verslunar:** slóðin úr skrefi 4, sem endar á `.myshopify.com`. Hún sést líka í Shopify undir **Settings** → **Domains**. Hún er ekki endilega sú sama og nafn verslunarinnar.
3. Límdu inn **Client ID** og **Client secret** og smelltu á **Tengja verslun**.



AÐEINS EF VERSLUNIN HEFUR FLEIRI EN EINN LAGER

8 Veldu lagerinn

Veldu staðinn sem þú sendir pantanir frá og smelltu á **Vista**. Fjöldi vara á lager sést við hvern stað. Flestar verslanir hafa aðeins einn lager, og þá birtist þetta skref ekki.




STILLINGAR

9 Veldu hvernig á að flokka


- **Vörutegund** ef þú flokkar vörur með *Product type* í Shopify, **Söfnum** ef þú notar *Collections*, og **Shopify-flokki** ef þú hefur hvorugt fyllt út. Shopify-flokkurinn (*Category*) er alltaf til staðar.
- **Allar virkar vörur**, nema þú viljir aðeins selja hluta af vörunum. Þá merkirðu þær með merki (*tag*) í Shopify og velur **Aðeins merktar vörur**.

Smelltu á **Vista**.



10 Raðaðu í flokka og sæktu vörurnar

1. Smelltu á **Veldu...** við hvern flokk og veldu flokk á Gaman.is sem passar. Flokkum sem eiga ekki að fara á Gaman.is má sleppa.
2. Smelltu á **Ég er búin/n**.
3. Í síðasta skrefinu smellirðu á **Sækja vörur núna**. Vörurnar birtast á Gaman.is þegar innflutningi lýkur, yfirleitt á nokkrum sekúndum.



Búið

Héðan í frá uppfærist allt sjálfkrafa. Breytingar á verði og lager í Shopify berast Gaman.is innan nokkurra sekúndna, og Gaman.is samstillir auk þess vörurnar á klukkustundar fresti.

Breyta flokki á einstakri vöru

Flokkunin í skrefi 10 gildir fyrir heila vöruflokka í einu. Ef ein vara lendir í röngum flokki geturðu lagað hana sérstaklega: opnaðu **Vörur** á Gaman.is og veldu réttan flokk í fellilistanum við vöruna. Breytingin helst þótt vörurnar samstillist aftur við Shopify.

Vara án þyngdar

Sendingarkostnaður reiknast út frá þyngd. Ef þyngd vantar á vöru í Shopify notar Gaman.is 1 kg og lætur þig vita í **Vörur**. Bættu þyngdinni við í Shopify og hún berst sjálfkrafa.

Þegar vara selst á Gaman.is

- Þú færð tölvupóst um nýja pöntun, og sendingarmiðann sem PDF-viðhengi ef pöntunin fer með Dropp.
- Pöntunin birtist í Shopify, greidd, með **Gaman.is** sem rás (*Channel*) og merkinu `gaman.is`, svo auðvelt er að sía Gaman-pantanir.
- Viðskiptavinur í Shopify er alltaf Gaman.is, því Gaman.is kaupir vöruna af þér og selur hana áfram. Nafn og heimilisfang kaupandans eru undir **Shipping address**.
- Kaupandinn greiðir þér ekkert, því Gaman.is hefur þegar tekið við greiðslunni. Útgreiðslan til þín, þóknun og kortagjald sjást undir **Additional details**.
- Lagerinn lækkar sjálfkrafa, einu sinni fyrir hverja selda vöru.
- VSK er skráður á hverja línu, 11% eða 24%, svo hann skilar sér rétt í bókhaldið.
- Kaupandinn fær engan tölvupóst frá Shopify. Gaman.is sér um öll samskipti við hann.

Afhending


Sendingarmáti	Hvað þú gerir
Dropp	Sendingarmiðinn er viðhengi í tölvupóstinum um nýju pöntunina. Í Shopify-pöntuninni smellirðu á **Sendingarmiði** undir vörunni, og á Gaman.is á **Sækja miða** á pöntunarsíðunni. Prentaðu miðann, festu á pakkann og afhentu hann hjá Dropp. Ekki senda pakkann sjálf(ur) á heimilisfangið í pöntuninni; þar stendur **DROPP** til áminningar. Pöntunin er óafgreidd (*Unfulfilled*) í Shopify þar til Dropp skannar pakkann. Þá merkist hún sjálfkrafa afgreidd með rakningarnúmeri.
Sótt til þín eða þín eigin heimsending	Þegar kaupandinn hefur fengið vöruna merkirðu pöntunina afgreidda (*Fulfill*) í Shopify eða afhenta á Gaman.is. Hitt kerfið uppfærist sjálfkrafa. Útgreiðslan losnar þremur dögum síðar.

Endurgreiðslur

Endurgreiðslur fara alltaf fram á Gaman.is, því þar var greitt. Þegar Gaman.is endurgreiðir er pöntunin felld niður í Shopify og lagerinn settur til baka. Ef þú fellir pöntun niður í Shopify fær kaupandinn ekki endurgreitt. Hafðu þá samband við sala@gaman.is.

Ef eitthvað fer úrskeiðis

Gaman.is segir	Lausn
Client ID eða Client secret passar ekki	Afritaðu lyklana aftur af **Overview**-síðu appsins, undir **Credentials**. Gættu þess að ekkert bil fylgi með.
Appið hefur ekki verið sett upp á versluninni	Kláraðu skref 4 og 5: **Overview** → **Install app**.
Appið og verslunin eru ekki í sama fyrirtæki	Neðst til vinstri í Dev Dashboard skaltu velja fyrirtækið sem verslunin tilheyrir og búa appið til þar.
Aðgang vantar	Opnaðu appið, veldu **Versions** → **New version**, límdu Scopes-línuna úr skrefi 2 inn aftur, smelltu á **Release** og samþykktu breytinguna í versluninni.
Verslunin þarf að vera í íslenskum krónum	Í Shopify: **Settings** → **General** → **Store defaults** → **Currency display**.



Við aðstoðum með ánægju í síma eða á **sala@gaman.is**.